

Fréttapistill frá forseta Íslands

7. október 2019

Viðburðir nýliðinnar viku voru að venju margir og ólíkir. Hún hófst með frönsku yfirbragði; ég hélt á Ásvelli í Hafnarfirði og sá stelpurnar okkar í handbolta etja kappi við heims- og Evrópumeistara Frakka. Gestirnir unnu en lið Íslands vann einnig afrek á sinn hátt, stóð uppi í hárinu á ofjörlum sínum og gerði sitt besta, allar sem ein óhræddar þrátt fyrir slæman skell í síðasta leik á undan. Árangur getur náðst á marga vegu og maður mátti vera stoltur af framgöngu liðsins – þótt auðvitað sé alltaf skemmtilegast að vinna!

Mánudaginn 30. september var Jacques Chirac, forseti Frakklands 1995–2007 og auk þess forsætisráðherra og borgarstjóri í París um árabil, borinn til grafar. Mér þótti einstaklega vænt um að Vigdís Finnbogadóttir gat orðið við þeirri ósk minni að sækja minningarathöfn í höfuðborg Frakklands fyrir hönd mína og íslensku þjóðarinnar. Ytra var Vigdís glæstur og virtur fulltrúi Íslands sem endranær. Á svipaðan hátt þótti mér gott að geta leitað til Ólafs Ragnars Grímssonar með allar sínar Indlandstengingar þegar Ram Nath Kovind, forseti þess mikla ríkis, var hér á dögnum.

Á mánudeginum flutti ég opunarávarp á alþjóðaráðstefnunni Charge sem Friðrik Larsen, lektor í viðskiptafræði við Háskóla Íslands, hefur staðið að hér á landi undanfarin ár. Þar voru orkumál í brennidepli, framleiðsla orku og dreifing hennar til hvers kyns neytenda; brýn umfjöllunarefni nú um stundir. Síðar þann dag hitti ég að máli fulltrúa Félags um foreldrafrétti, hlýddi á reynslusögur og óskir um betri úrræði þegar algert ósætti rís um umgengni barna við foreldra sem slíta samvistum og aðra ættingja þannig að djúp sár eru rist í sálir.

Er þá ekki allt talið en daginn eftir tók ég á móti nýjum sendiherra Noregs, Aud Lise Norheim. Gafst þá gott tækifæri til að fjalla um þá sterku þræði sögu og menningar sem tengja saman Íslendinga og Norðmenn, auk annarra þátta sem varða báðar þjóðir í bráð og lengd.

Miðvikudagurinn 2. október var mestu helgaður forvörnum. Ár hvert er boðað til Forvarnardags forseta Íslands og hófst sá ágæti siður í tíð forvera míns. Ég brá mér í Menntaskóla Borgarfjarðar og ræddi þar við nemendur skólans, auk nema úr elstu bekkjum grunnskólans í Borgarnesi. Síðan lá leiðin í Varmárskóla þar sem ég hitti nemendur 10. bekkjar að máli. Ég lagði mesta áherslu á að á þessum aldri fólk að gera sér grein fyrir því að það nyti síaukins frelsis en bæri um leið ríkari ábyrgð á eigin lífi. Valið væri að mörgu leyti þeirra, boð og bönn væru ekki besta eða eina leiðin til að fá ungmenni til að hugsa vel um eigin heilsu og framtíð, heldur sannfæringarmáttur reynslu, rannsókna og almennrar skynsemi. Mikið var annars gaman að spjalla við hressa krakka um þessi mál og önnur sem bar á góma. Ég þakka kærlega fyrir góðar móttökur í Mosfellsbæ og Borgarbyggð.

Á fimmtudagsmorgun flutti ég opunarávarp á alþjóðlegri ráðstefnu í Reykjavík um sjaldgæfa og erfiða taugasjúkdóma. AHC-samtökin höfðu veg og vanda af henni og ég

hvet alla, sem á því hafa tök, að leggja þeim lið. Erindi á ráðstefnunni og þær upplýsingar sem ég kynnti mér sannfærðu mig enn frekar um það að von okkar um betri framtíð liggur í rannsóknum og vísindum, framförum sem leiða okkur að betra lífi ef við kunnum að meðhöndla rétt nýja tækni og vitneskju.

Eftir hádegi var hátíð á Bessastöðum. Gestir alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar RIFF, Reykjavík International Film Festival, fjölmenntu hingað og voru viðstaddir þegar franska kvikmyndaleikstjóranum Claire Denis voru veitt heiðursverðlaun hátíðarinnar. Það var skemmtileg stund og meðal viðstaddra var Vestur-Íslendingurinn Helga Stephenson sem hlaut verðlaunin í fyrra.

Deginum lauk svo með kvöldverði hér til heiðurs breska sagnfræðingnum David Reynolds. Fyrr um daginn hélt hann fróðlegt erindi í Háskóla Íslands. Reynolds hefur lengi verið í hópi minna uppáhaldsfræðimanna. Hann fléttar saman fræðilegar rannsóknir og frásagnarlist svo unun er að lesa. Ég hvet alla til að ná sér í væntanlegt rit hans, Island Stories. Britain and its History in the Age of Brexit. Þangað til ætti að duga að sökkva sér ofan í fyrri rit Reynolds, til dæmis frábæra bók um það hvernig Winston Churchill mótaði og skrifaði svo sögu seinni heimsstyrjaldarinnar. Sagt er að þessi bjargvættur Breta og svo margra fleiri (risastór í kostum sínum en auðvitað breyskur um leið og í ýmsu voru honum mislagðar hendur) hafi sagt eitthvað á þessa leið: Sagan verður mér hliðholl því að ég ætla að skrifa hana sjálfur.

Föstudaginn 4. október var líf og fjör í Austurbæ; þar var fagnað 30 ára afmæli Hjallastefnunnar. Ég mælti þar nokkur orð og hrósaði Margréti Pálu Ólafsdóttur fyrir dugnað hennar og eldmóð við uppeldi barna. Í þeim efnum þarf að ríkja fjölbreytni og val. Hjallastefnan hefur af þeim sökum víða vakið lukku. Ég óska öllum, sem vinna á vettvangi Hjallastefnunnar, frekari velfarnaðar í vandasömum og ábyrgðarmiklum störfum.

Frá Austurbæ var haldið í Smáralind í Kópavogi þar sem leiðir okkar Elizu lágu saman. Okkur hlotnaðist sá heiður að taka höndum saman með Barnaheillum í átaki þeirra og alþjóðlegu samtakanna Save the Children. Við settum handafar okkar á vegg og minntum þannig með táknrænum hætti á mikilvægi þess að forða börnum frá styrjöldum og vægja þeim í það minnsta í ófriði. Talið er að um okkar dagi búi fimmta hvert barn í heiminum á eða nærri vígvelli.

Gott var að dreifa huganum að kvöldi á fyrsta leik Álftnesinga í körfubolta karla í næstefstu deild. Lið Skallagríms úr Borgarnesi mætti hingað á nesið og heimamenn unnu góðan sigur, þrátt fyrir ötula baráttu gestanna.

Að lokum er þess að geta að fyrri hluta vikunnar var unnið að því að fylla upp í þrjá gamla skurði hér austan við Bessastaði, í góðri samvinnu við Votlendissjóð Íslands. Það var í tíð forvera míns að hafist var handa við að endurheimta votlendi á Bessastaðanesi, við Músavík og Sauðavík. Nú var röðin komin að engjunum undan Bessastaðastofu. Þetta er ódýr og hagkvæm leið við að binda kolefni og hefur aðra ótvíræða kosti í för með sér, ekki síst aukna líffræðilega fjölbreytni og bætt kjörlendi fyrir fuglalífið hér. Þegar skurðir voru grafnir á neginu á sínum tíma, árin milli stríða og eitthvað síðar, var hugmyndin að reka hér stórbýli. Sú tíð er löngu liðin og þessir skurðir, sem nú er búið að fylla, hafa lengi verið engum til gagns. Mýrar hverfa núna

víða á Álftanesi, fara undir ný híbýli, golfvöll og annað. Því er frábært að geta brugðist við þessum hætti þannig að fuglar, fólk og lífkerfið allt njóti góðs af.

Undanfarin ár höfum við líka stuðlað að því að kolefnisjafna tíðar ferðir okkar með því að planta trjám, víði og berjaplöntum á nesinu, dreift lífrænum áburði á illa gróna mela og þar fram eftir götunum. Því eitt er ljóst: Við munum ekki hætta að vilja eða þurfa að fara ferða okkar lengra en unnt er að ganga eða hjóla. Þá þurfum við að aka, sigla og ekki síst fljúga. Það eigum við að gera kinnroðalaust en sýna um leið sjálfsagða viðleitni til að minnka okkar kolefnisfótspor. Við getum einnig bundið vonir við framfarir, til dæmis rafbíla sem eru á heildina betri en bensínbílar og svo eru flugvélar knúnar rafmagni þegar komnar í gagnið, að vísu ekki langdrægar en með tækninýjungum ná þær sífellt lengra og geta borið sífellt fleiri farþega. Að sjálfsögðu má huga að því að fljúga ekki út og suður alveg að nauðsynjalausu, taka til dæmis lestir milli staða þar sem það er unnt. Flugvélar eru hins vegar og verða nauðsynlegur og augljós fararskjóti, ekki síst fyrir eyjaskeggja eins og okkur. Auk þess má hafa í huga að flugferðir orsaka víst aðeins um 2% af þeirri losun gróðurhúslofttegunda sem telst vera af mannavöldum. Leitum því áfram lausna og gerum okkar besta andspænis loftslagsvá en missum ekki móðinn og hættem ekki að hitta mann og annan nær og fjær.

Frekari fréttir má ætíð finna á heimasíðu forsetaembættisins, www.forseti.is, auk upplýsinga um annað sem gerist á líðandi stundu. Hér að neðan eru svo nokkrar myndir frá nýliðinni viku. Ég óska ykkur öllum góðs gengis og þakka langan lestur.